



Til: Ingibjörg Marta Bjarnadóttir <ingibjorg.bjarnadottir@umhverfisstofnun.is>
Efni: Verndargildi Fólkvangurinn Hlið á Álfanesi
Upplýsingar: Sent: 18.03.2019 16:37:51 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019030032, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

Tilvísun í mál: 2019030032

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts, dags. 15. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um fyrirhugaðar breytingar á fólkvanginum Hlið. Gert er ráð fyrir að byggingalóð innan fólkvangsins stækki um 408m^2 eða í 3.706m^2 en einnig óskar Garðabær eftir því að skilgreint verði bílastæðalóð innan fólkvangsins sem nemur 1.310m^2 og að ytri mörkum fólkvangsins verði breytt á þann hátt að 14.317m^2 landsvæði, þar sem áður var gert ráð fyrir byggingarlóðum, verði innan marka fólkvangsins.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreindar breytingar og telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við breytingatillögurnar. Að mati stofnunarinnar er það til bóta að fella niður byggingalóðir og stækka þar með fólkvanginn. Athafnasvæði kringum byggingar á svæðinu mun stækka og aðlagð að núverandi nýtingu. Ef þess er gætt að bílastæðið fari ekki út fyrir tilgreind mörk þá ætti enn að vera rými fyrir krúvarp á svæðinu sem hefur verið töluvert. Náttúrufræðistofnun telur að framangreindar breytingar komi ekki til með að rýra verndargildi svæðisins frá því sem nú er ef rétt er staðið að málum þ.m.t. að framkvæmdir við bílastæði, ef þörf er á, fari fram utan varptíma.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Ingibjörg Marta Bjarnadóttir <ingibjorg.bjarnadottir@umhverfisstofnun.is>
Dags: 03/15/2019 11:50:59 AM
Til: "ni@ni.is" <ni@ni.is>
Efni: Verndargildi Fólkvangurinn Hlið á Álfanesi

Góðan dag

Garðabær hefur óskað eftir því við Umhverfisstofnun að breyta mörkum fólkvangsins Hlið á þann hátt að lóð innan fólkvangsins stækki um 408m^2 eða í 3.706m^2 . Einnig óskar Garðabær eftir því að skilgreind verði ný bílastæðalóð innan fólkvangsins sem nemur 1.310m^2 og að ytri mörkum fólkvangsins verður breytt á þann hátt að 14.317m^2 landsvæði þar sem áður var gert ráð fyrir byggingarlóðum fellur innan marka fólkvangsins. Meðfylgjandi eru gögn sem sýna umræddar breytingar á mörkunum.

Umhverfisstofnun óskar eftir upplýsingum frá Náttúrufræðistofnun Íslands um verndargildi og sérstöðu þess svæðis sem fara á undir stækkun lóðarinnar og bílastæðisins innan fólkvangsins og mat á því hvort umrædd framkvæmd komi til með að rýra verndargildi fólkvangsins. Einnig óskar Umhverfisstofnun eftir upplýsingum um verndargildi og náttúrufar þess svæðis sem Garðabær óskar eftir að bæta við fólkvanginn.

Bestu kveðjur, Best regards

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir

Sérfræðingur, Advisor

Svið samþættingar, Department of Integration

[IMAGE]

Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland

Sími / Phone: +354 591 2000

Bréfasími / Fax: +354 591 2010

Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer)

 - image001.png  - image001.png  - Fólkvangurinn að Hliði á Álftanesi - Stækkun.pdf  -
Hlið_Ný_mörk.pdf